

# Foreldrafélag Hofsstaðaskóla

Aðalfundur 27.maí 2008



Skýrsla stjórnar

Á aðalfundi í lok maí 2007 bauð Guðrún Willardsdóttir sig ný fram í stjórn foreldrafélagsins og til áframhaldandi setu buðu Stella Stefánsdóttir, Svava Garðarsdóttir og Kristbjörg Ágústsdóttir. Í ágúst 2007 komu svo Iðunn Bragadóttir og Þórunn Einarsdóttir nýjar inn, en þær voru þá báðar að koma nýar í skólann.

### ***Stjórnarfundir***

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

- Kristbjörg Ágústsdóttir, formaður
- Guðrún Willardsdóttir, varaformaður
- Þórunn Einarsdóttir, ritari
- Stella Stefánsdóttir, gjaldkeri
- Svava Garðarsdóttir, meðstjórnandi
- Iðunn Bragadóttir, meðstjórnandi

Haldnir voru 7 stjórnarfundir í vetur þar sem farið var í ýmis mál og uppákomur skipulagðar. Fyrsti fundurinn var haldinn 22. ágúst þar sem afmælishátíðarnefndin mætti og farið var yfir skipulag hátíðarinnar. Fundargerðir má finna á heimasíðu foreldrafélagsins.

### ***Aðrir fundir***

Kynningarfundur fyrir foreldra nemenda í 1.bekk var 20. ágúst og þá voru kosnir bekkjarfulltrúar í þeim árgangi. Einnig var kynningarfundur fyrir nýja nemendur og foreldra í 2.-7. bekk þann 16. ágúst. Á báðum fundum mætti fulltrúi frá foreldrafélaginu, kynnti foreldrafélagið og fór yfir hlutverk þess.

Þrjár fulltrúaráðsfundir með bekkjarfulltrúum voru haldnir á skólaárinu, tveir á haustönn og einn á vorönn. Fyrsti fundurinn var haldinn 6. september þar sem bekkjarfulltrúar fengu kynningu á hlutverki sínu og var sérstaklega farið yfir hlutverk þeirra á námsefniskynningum. Var það Elín Thorarensen bekkjarfulltrúi í 7. bekk sem hélt kynninguna. Á hinum fundunum var farið yfir bekkjarstarfið og málefni sem snerta skólastarfið til að mynda matarmálin og rútumálin. Að auki var tölvupóstur notaður til að koma upplýsingum á framfæri milli funda.

Samráðsfundir foreldrafélags, foreldraráðs, skólastjórnenda og kennararáðs voru tveir á þessum vetri, einn á haustönn og einn á vorönn. Var meðal annars fjallað um matarmál, skólanámsskrá, sjálfsmat skólans og lóðamál svo eitthvað sé nefnt. Einnig voru fundir með deildarstjórum og skólayfirvöldum vegna sérstakra málefna.

Svæðaráð foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Garðabæjar héldu nokkra fundi í vetur, en í því sitja formenn félagana. Þar sem þessi vettvangur hefur reynst mjög heillavænlegur og hefur styrkt til muna stöðu foreldra barna í Garðabæ er mikilvægt að reglulegir fundir séu haldnir. Svæðaráðið á jú að vera sameiginleg rödd okkar foreldra í Garðabæ.

Í vetur var kosið í þrjár nefndir: umferðarnefnd, laufabrauðsnefnd og tækjasjóður endurvakinn (sjá umfjöllun síðar). Enginn bauð sig fram í hausthátíðarnefnd og vantar enn fólk í hana. Ef halda á hátíð í haust er mikilvægt að fá fólk í nefndina.

### ***Bekkjarfulltrúar***

Foreldrafélagið sér um að kosnir séu a.m.k. tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að halda utan um félagsstarf bekkjarins í samvinnu við kennara auk þess að aðstoða foreldrafélagið við framkvæmd ýmissa viðburða eins og vorfagnaðar. Hlutverk bekkjarfulltrúa er mjög mikilvægt og öflugt bekkjarstarf skilar sér meðal annars í betri líðan nemenda í skólanum og góðu samstarfi heimila og skóla. Hver bekkur hefur í sinni vörslu upplýsingaritið “Foreldrabankann” sem Heimili og skóli gefur út. Mappan er afhent bekkjarfulltrúum í 1. bekk og fylgir hún svo bekknum í gegnum skólagönguna og endar á bókasafni skólans. Þar er hægt að safna saman upplýsingum og myndum um bekkjarstarf hvers vetrar.

### ***Félagsstarf***

Haustið hófst með mikilli afmælishátíð þann 1. september en Hofstaðaskóli var 30 ára þann dag. Nemendur, kennarar og foreldrar stóðu sameiginlega að skipulagningu og framkvæmd. Farið var í skrudgöngu frá safnaðarheimili Vídalínskirkju þar sem skólinn var fyrst til húsa að núverandi staðsetningu. Bæði var í boði formleg dagskrá með ræðuhöldum og skemmtiatriðum innandyra og óformlegir leikir utandyra. Ragnheiður Gröndal fyrrverandi nemandi skólans kom og söng eins og engill og Kökubankinn gaf skólanum afmælistöku. Nemendur bökuð einnig kökur og boðið var uppá mjólk og kaffi. Hátíðin tókst mjög vel til og var almenn ánægja með daginn. Foreldrafélagið þakkar öllum sem komu að hátíðinni vel fyrir. Afmælishátíð skólans hélt svo áfram í vetur með þemadögum og hátíð á degi íslenskrar tungu en þá fékk skólinn einnig Grænfánann. Lokahátíð vetrarins verður svo næsta þriðjudag þann 3. júní.

Laufabrauðsdagur var haldinn 24. nóvember og mætti fjöldi nemenda ásamt fjölskyldum. Þessi dagur er búin að festa sig vel í sessi og er upphaf jólaundirbúningsins hjá mörgum. Dagurinn gekk í alla staði vel og flestir sem komu keyptu 2 pakka eða fleiri. Gaman var að sjá jafnvel þrjá ættliði sitja saman og skera út kökur. Steiktar voru yfir 1000 laufabrauðskökur sem er aðeins færri en í fyrra enda var nú samkeppni við íþróttamót. Þær laufabrauðskökur sem ekki tókst að selja voru gefnar til hjúkrunar- og dvalarheimilisins í Holtsbúð.

Sameiginlegur fræðslufundur foreldrafélaga grunnskóla Garðabæjar var haldinn þann 27. mars í félagsheimili Vídalínskirkju. Að þessu sinni var það bókin Virðing og Umhyggja eftir Sigrúnu Aðalbjarnardóttur sem var til umræðu. Sigrún ásamt Hrund Þórarinsdóttir fjölluðu um foreldrahlutverkið í tengslum við efni bókarinnar. Þess má geta að Forvarnarnefnd Garðabæjar mun á árinu gefa öllu starfsfólki sem vinnur með börnum þessa bók. Í lok fundarins sátu svo fyrir svörum forsvarsmenn forvarnarmála í bænum. Fundurinn var ágætlega sóttur af foreldrum. Forvarnarnefnd Garðabæjar styrkti verkefnið og safnaðarheimili Vídalínskirkju lagði til húsnæði og kaffiaðstöðu og þakkar foreldrafélagið þessum aðilum stuðninginn.

Staðið var fyrir leikhússýningu í desember fyrir 5. og 7. bekk á jólaleikrit í Borgarleikhúsinu. Því miður fór svo að 6. bekkur átti að fara þann 14. desember en

mikið óveður setti strik í reikninginn enda voru foreldrar hvattir til að halda börnum sínum heima þann dag. Þegar þeim bauðst að fara síðar hentaði það ekki skólstarfinu.

Gott samstarf hefur verið við stjórn foreldraráðs Hofstaðaskóla þar sem annað árið í röð situr Svava Garðarsdóttir bæði í foreldrafélagi og foreldraráði, þar sem hún er formaður. Sameiginlega hefur verið þrýst á um ýmis málefni er varða velferð nemenda. Sameiginlega sendu félögin einnig tvær tilnefningar til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla en allt í allt fékk Hofstaðaskóla þrjár tilnefningar þetta árið.

Foreldrafélagið kom að uppákomum í skólanum í samstarfi við hann. Á jólaskemmtun yngri deilda skipulagði félagið komu jólasveinsins og á öskudag greiddi það fyrir diskótekið Dísu. Einnig sá stjórn foreldrafélagsins um val á ljósmyndara í bekkjarmyndatökur.

Ýmsar upplýsingar er að finna á heimasíðu foreldrafélagsins til dæmis mikið af upplýsingum til bekkjarfulltrúa, handbók foreldrafélags og foreldraráðs, starfsáætlun og upplýsingar um bekkjarfulltrúa. Um áramót var ákveðið að halda ekki úti fréttasíðu enda er heimasíða skólans mjög öflug heimasíða og vel uppfærð og hefur foreldrafélagið greiddann aðgang að henni ef koma þarf tilkynningum á framfæri. Um miðjan mánuðinn var svo ný heimasíða opnuð og er verið að klára að flytja upplýsingar á milli.

### ***Tækjasjóðsnefnd***

Eftir nokkra ára hvíld kom ný tækjasjóðsnefnd saman í janúar. Ákveðið var að standa fyrir söfnun til að efla bókasafn Hofstaðaskóla. Sem fyrr var leitað eftir framlögum frá foreldrum. Sendur var tölvupóstur á foreldra og falast eftir frjálsu framlagi, t.d. 1.500 kr. Tæplega 40 foreldrar lögðu söfnunni lið og söfnuðust 136 þ.kr. frá foreldrum. Einnig var leitað til fyrirtækja í Garðabæ þar sem beðið var um styrk upp á 15 þ.kr. Sendur var tölvupóstur til útvalinna fyrirtækja og urðu sex fyrirtæki í Garðabæ, Marel, IKEA, Glitnir, BYR, Kaupþing og Sómi, auk Matarlystar að bón tækjasjóðsnefndar. Framlög fyrirtækja numu 195 þ.kr. Heildargjöf til skólans nemur um 353 þ.kr. (ríflega 20 þ.kr. voru til inn á reikningi tækjasjóðsnefndar frá fyrri söfnun).

Bókasafnsfræðingur skólans auk deildarstjóra yngra og eldri sviðs sjá um að velja bækurnar sem verðar formlega afhendar skólanum þann 3. júní, á þriðju og síðustu hátíðinni sem haldin er í tilefni 30 ára afmæli skólans.

Tækjasjóðsnefnd vill nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu foreldrum og fyrirtækjum sem lögðu söfnuninni lið fyrir sitt framlag.

### ***Lokaorð***

Enn einn veturinn er liðin og má með sanni segja að tíminn líði hratt á gervihnattaöld. Starfið í vetur hefur verið með hefðbundnum hætti og gengið vel. Samvinna við skólastjórnendur og starfsfólk hefur sömuleiðis verið til fyrirmyndar.

Áfram var boði uppá skólaflíspeysur í haust en auk þeirra bættust við Henson gallar. Töluvert var keypt af göllum í yngri bekkina en minna í þá eldri. Um áramótin var aftur boðið uppá pantanaferli en mjög lítið var pantað þá og því ákveðið í samstarfi við foreldrafélag Flataskóla að bjóða aðeins uppá pantanir að hausti. Verið er að

skoða að bjóða einnig uppá flís húfur og buxur. Þess má geta í þessu samhengi að gott samstarf hefur verið milli formanna foreldrafélags Hofstaðaskóla og Flataskóla.

Foreldrafélagið sér um að leita tilboða og velja ljósmyndara til að taka bekkjarmyndir í skólanum. Í vor voru það 1., 3., 5., og 7. bekkur sem fóru í myndartöku. Vilji var í vor að hafa, eins og í fyrra, óhefðbundna útfærslu þar sem myndir eru teknar úti lausar við stífa uppstillingu.

Í starfi foreldrafélagsins eru bekkjarfulltrúarnir mikilvægir og því er áriðandi fyrir foreldrafélagið að styðja þá í sínu hlutverki. Mjög mismunandi er milli bekkja hversu viljugir foreldrar eru til þátttöku en einnig er mismunandi hversu viljugir kennarar eru hvernig þeir styðja bekkjarfulltrúana í sínu starfi. Það er mjög mikilvægt að allir aðilar skilji mikilvægi öflugs bekkjarstarfs og þar liggur okkar hlutverk. Það er jú ein öflugasta forvörnin að foreldrar þekki foreldra. Handbók foreldrafélags og foreldraráðs Hofstaðaskóla er aðgengileg á heimasíðu skólans og er þar að finna mikið af gagnlegum upplýsingum sem bekkjarfulltrúar geta nýtt í starfi sínu. Á heimasíðunni er einnig sérstakur kafli fyrir bekkjarfulltrúa.

Á persónulegri nótum, þá hef ég nú verið í stjórn foreldrafélagsins í 4 ár og þarf af formaður í 3 ár. Þetta hefur verið skemmtilegur og fræðandi tími og í raun einstakt að fá að kynnast skólanum á þennan hátt. Ég vil þakka öllum starfsmönnum og stjórnendum skólans fyrir samstarfið þessi fjögur ár, en það eru nokkrir sem ég vil nefna sérstaklega: Gunnar húsvörður, Elísabet tölvusérfræðingur og Helga ritari. Ég vil líka þakka Margréti skólastjóra og Hilmari fyrir sérlega gott samstarf sem og því góða fólki sem hefur setið með mér í stjórninni.

Að lokum vill stjórn foreldrafélagsins vill þakka bekkjarfulltrúum, foreldraráði, starfsfólki og stjórnendum fyrir samstarfið í vetur. Gleðilegt sumar!

***Garðabær, 27. maí 2008***

fyrir hönd stjórnar foreldrafélagsins  
Kristbjörg Ágústsdóttir,  
formaður foreldrafélagsins